

Gjaldskrá

Vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavík.

1. gr.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur ákveðið að setja gjaldskrá til innheimtu kostnaðar við útgáfu framkvæmdaleyfis og vegna vinnu við skipulagsmál. Gjaldskráin tekur til útgáfu leyfa til framkvæmda, skjalagerðar, yfirlestur gagna, auglýsinga, kynninga og alla annarrar umsýslu og þjónustu sem embætti skipulagsfulltrúans í Reykjavík veitir, svo sem vegna framkvæmda sem bundnar eru framkvæmdaleyfi, gerð skipulagsáætlana og breytingu á þeim, samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010.

2. gr.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar skal innheimta gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá fyrir hönd borgarstjórnar Reykjavíkur.

3. gr.

Afgreiðslugjald: Gjald sem greitt er við móttöku erindis um deili- eða aðalskipulagsbreytingu eða útgáfu framkvæmdaleyfis. Í afgreiðslugjaldi felst kostnaður við móttöku og yfirferð erindis. Greiðsla afgreiðslugjalds er óafturkræft þótt erindi sé synjað eða það dregið til baka.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður: Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna afgreiðslu erindis, kynningar, birtingar auglýsinga sem og annar kostnaður vegna umsýslu erindis.

4. gr.

Innheimta skal afgreiðslugjald vegna erindis um framkvæmdaleyfi, deiliskipulag og aðalskipulag. Afgreiðslugjaldið skal ákveða fyrir hverja tegund erindis og skal taka mið af þeirri vinnu sem almennt fellst í slíku erindi. Sé þörf á að vinna skipulagsáætlun eða breytinga á henni vegna leyfisskyldra framkvæmda innheimtir borgarstjórn gjald fyrir skipulagsvinnu sem nauðsynlegt er vegna þeirrar framkvæmdar.

5. gr.

5.1 Afgreiðslugjald	10.500. kr.
5.2 Framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. Skipulagslaga.	105.000. kr.
5.3 Framkvæmdaleyfi skv. 14. gr. Skipulagslaga.	157.500. kr.
5.4 Eftirlitsgjald vegna umfangsmikilla framkvæmdaleyfa skal innheimt samkvæmt samningi sbr. 9. gr. þessarar gjaldskrár.	
5.5 Umsýslu- og auglýsingarkostnaður vegna meðmæla Skipulagsstofnunar skv. 1. tl. bráðab. ákvæðis l. nr. 123/2010	61.200. kr.
5.6 Innheimta skal útlagðan kostnaðar vegna auglýsinga skipulagsáætlana samkvæmt reikningi.	

6. gr.

6.1 Afgreiðslugjald	10.500. kr.
6.2 Umsýslukostnaður vegna breytinga á aðalskipulagi skv. 1. mgr. 36. gr.	262.500. kr.
6.3 Umsýslukostnaður vegna óverulegra breytinga á aðalskipulagi skv. 2. mgr. 36. gr.	157.500. kr.
6.4 Innheimta skal útlagðan kostnaðar vegna auglýsinga skipulagsáætlana samkvæmt reikningi.	

7. gr.

7.1 Afgreiðslugjald	10.500. kr.
7.2 Gjald vegna vinnu skipulagsfulltrúa við gerð lýsingar skipulagsáætlunar og/eða yfirllestur og yfirferð á lýsingu sem og önnur umsýsla	157.500. kr.
7.3 Umsýslukostnaður vegna nýs deiliskipulags skv. 2. mgr. 38. gr.	315.000. kr.
7.4 Hafi embætti skipulagsfulltrúa milligöngu um gerð nýs deiliskipulags skal innheimt skv. samningi sbr. 9. gr.	
7.5 Umsýslukostnaður vegna verulegra breytinga á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr.	262.500. kr.

- 7.6 Umsýslukostnaður vegna óverulegra breytinga á deiliskipulagi
skv. 2. mgr. 43. gr. 157.500 kr.
- 7.7 Innheimta skal útlagðan kostnaðar vegna auglýsinga
skipulagsáætlana samkvæmt reikningi.

8. gr.

- 8.1 Umsýslukostnaður vegna grenndarkynningar skv. 1. mgr. 44. gr. 63.000 kr.
- 8.2 Innheimta skal útlagðan kostnaðar vegna auglýsinga
skipulagsáætlana samkvæmt reikningi.

9. gr.

Þegar vísað er í þessari gjaldskrá til þess að skipulagsfulltrúi skuli gera samning, þá skal skipulagsfulltrúi og umsækjandi gera samning sín í milli um viðkomandi verkefni sem skipulagsfulltrúi skal hafa umsjón með eða vinna. Semja skal um hámark samningsfjárhæðar sem skal endurspegla kostnað af vinnu skipulagsfulltrúa. Hámarksfjárhæð samningsins skal byggð á þeim tímafjölda sem áætlað er að skipulagsfulltrúi muni þurfa að verja við verkið. Samningsfjárhæð skal vera hámarksgreiðsla umsækjanda, þó að kostnaður reynist meiri en samningur tilgreinir, en ef kostnaður við vinnu skipulagsfulltrúa verður lægri skal sá mismunur endurgreiddur. Umsækjandi skal greiða umsamda samningsfjárhæð við undirritun samnings og skal skipulagsfulltrúi endurgreiða umsækjanda mismun ef raunkostnaður samningsins er lægri en samningsfjárhæð.

10. gr.

Gjöld sem innheimt eru samkvæmt þessari gjaldskrá skulu aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði við veitta þjónustu.

11. gr.

Afgreiðslugjald samkvæmt þessari gjaldskrá fellur í gjalddaga við móttöku erindis og skal vera greitt áður en fjallað er um erindi. Umsýslu- og auglýsingagjöld vegna breytinga á aðalskipulagi eða deiliskipulagi skal greitt áður en tillaga er auglýst í kjölfar samþykktar þess efnis. Gjald vegna framkvæmdaleyfis skal vera greitt fyrir samþykkt og útgáfu framkvæmdaleyfis. Samningsfjárhæð samnings samkvæmt 9. gr. fellur í gjalddaga við undirritun samnings.

12. gr.

Heimilt er að veita afslátt allt að 50% frá gjaldskrá þessari ef sýnt er fram á að verkefni er umfangslítið og kostnaður óverulegur. Ákvæði þetta á þó ekki við um afgreiðslugjald.

13. gr.

Þessi gjaldskrá er sett með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var staðfest í Borgarstjórn Reykjavíkur þann xx.xxxx.2014. Gjaldskráin skal taka gildi 1. janúar 2014.